

Sé sá, sem eignirnar átti, hins vegar á lífi, skal honum skylt að gefa, að viðlögðu drengskaparvottorði, skýrslu um muni þá, er hann hefur misst og sennilegt verð þeirra.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 3. mgr. 41. gr. sjómanna laga nr. 67 31. desember 1963, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni, nr. 13 30. janúar 1945.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1964.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir **Veiðifélag Laxár í Borgarfjarðarsýslu.**

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Laxár í Borgarfjarðarsýslu. Heimili þess og varnarþing er að Stóra Lambhaga.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Laxá og ósum hennar, en þær eru:

- | | | |
|--------------------|-----------------------|-------------------------|
| 1. Vestra Súlunes. | 14. Hliðarfótur. | 27. Stóri Lambhagi II. |
| 2. Eystra Súlunes. | 15. Eyri. | 28. Stóri Lambhagi III. |
| 3. Bakki. | 16. Kambshóll. | 29. Lambhagi. |
| 4. Skorholt. | 17. Glammastaðir. | 30. Litli Lambhagi. |
| 5. Skipanes. | 18. Dragháls. | 31. Fellsaxlarkot. |
| 6. Lækur. | 19. Geitaberg. | 32. Litla Fellsöxl. |
| 7. Beitistaðir. | 20. Þórisstaðir. | 33. Kjalardalur. |
| 8. Vogatunga. | 21. Saurbær. | 34. Arkarlækur. |
| 9. Melkot. | 22. Svarfhóll. | 35. Bekansstaðir. |
| 10. Leirá. | 23. Hurðarbak. | 36. Hvítanes I. |
| 11. Steinsholt. | 24. Vestra-Miðfell. | 37. Hvítanes II. |
| 12. Tunga. | 25. Hlið. | 38. Vallarnes. |
| 13. Hóll. | 26. Stóri Lambhagi I. | |

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og leigja það til stangaveiði.

Aðalfundi er heimilt að leyfa takmarkaða netaveiði á ósasvæði Laxár, enda sé þá tekið tillit til þeirrar veiði við úthlutun arðs.

Félagið getur látið stunda sameiginlega veiði á einum eða fleiri stöðum ef svo ber undir.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn. Formaður og fjórir meðstjórnendur, skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, ganga þeir úr stjórn á vixl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur eftir tvö ár og hinir tveir eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram.

Kjóra skal varaformann og tvo varamenn, skulu þeir ganga úr stjórn eftir sömu reglum og aðalmenn, enn fremur skal kjóra tvo endurskoðendur til tveggja ár í senn og skulu þeir ganga út sitt árið hvor.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema að sérstök forföll hamli eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár.

5. gr.

Stjórn hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum þess.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marzmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsárið er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrár, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipta niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53 1957, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt fyrir Veiðifélag Laxár í Borgarfjarðarsýslu frá 7. júní 1934.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1964.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.